



Greinargerð með tillögu að starfsleyfi

Norðurþing – Urðunarstaður í Laugardal

Grein 1.2

Magnheimild og úrgangsflokkar eru í samræmi við starfsleyfisumsókn, deiliskipulag og ákvörðun um matsskyldu. Samtals er heimilt að taka á móti allt að 700 tonnum af úrgangi, þar af urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi og jarðgera allt að 200 tonn af garðaúrgangi. Jarðgerðin er ekki tilkynningaskyld vegna mats á umhverfisáhrifum þar sem magnið er undir 500 tonnum á ári, sbr. tl. 11.15 í 1. viðauka við lög nr. 106/2000.

Í breytingu á starfsleyfisumsókn, dags. 19. mars 2014, var sótt um heimild til að meðhöndla allt að 350 tonn af viðarúrgangi og brotamálum. Þessi breyting var dregin til baka 12. maí 2015 en í staðinn sótti umsækjandi um heimild til að taka á móti og jarðgera allt að 200 tonn af garðaúrgangi.

Grein 2.12

Um er að ræða urðunarstað fyrir óvirkan úrgang og því er ekki gerð krafa um starfsleyfistryggingu, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003.

Grein 3.1

Ákvæði eru m.a. í samræmi við mótvægisáðgerðir sem boðaðar eru í starfsleyfisumsókn.

Grein 3.2

Ákvæði 1. mgr. eru til að koma í veg fyrir að vatn sitji í botni urðunarreina, þannig að úrgangur liggja ekki í vatni.

Í starfsleyfisumsókn kemur fram að sprungusvæði liggja um hluta urðunarstaðarins. Því er ákvæði um að ekki verði urðað í slíkar sprungur sem finnast.

Umsækjandi lagði fram áhættumat þar sem fjallað var um þann úrgang sem urðaður verður og uppruna mengunar. Urðunarstaðurinn uppfyllir almenn skilyrði Umhverfisstofnunar fyrir urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang sem geta lagt fram áhættumat sem fylgir ekki þeim norsku leiðbeiningum sem stofnunin notast öllu jöfnu við. Skilyrðin eru að urðunarstaðurinn taki við minna en 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári og að hann sé ekki staðsettur í nálægð við vatnsverndarsvæði, náttúruverndarsvæði eða annað svæði sem nýtur sérstakrar verndar.

Grein 3.3

Sjá umfjöllun um áhættumat undir umfjöllun um grein 3.2.

Grein 5.2

Mælingaáætlun kveður á um mælingar í þremur grunnvatnsbrunnum, einum fyrir ofan staðinn sem gefur upplýsingar um bakgrunnsgildi í grunnvatninu og tveimur brunnum fyrir neðan staðinn sem ætlað er að leiða í ljós ef mengun berst frá staðnum. Brunnarnir eru í samræmi við fyrirætlanir rekstraraðila skv. áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn. Mælipættir eru hefðbundnir fyrir grunnvatn.

Dregið er úr kröfum um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu í grein 3.2 og munu grunnvatnsmælingar væntanlega leiða í ljós mengunarálag í gegnum botn og hliðar urðunarstaðarins.

Undanþága frá sigvatnssöfnun er veitt í grein 3.3. Eðli málsins samkvæmt er því ekki gerð krafa um eftirlitsmælingar í sigvatni.

Grein 6

Urðun á allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári fellur í eftirlitsflokk 4, sbr. 12. tl. fylgiskjals 1 með reglugerð nr. 785/1999, en jarðgerð á allt að 200 tonnum af garðaúrgangi fellur í eftirlitsflokk 5, sbr. tl. 8.5 í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999. Hærri eftirlitsflokkur er látinn gilda og fellur starfsemin því í heild sinni í flokk 4.

Grein 7

Í umsókn kemur fram að gert er ráð fyrir rekstri urðunarstaðarins a.m.k. til 16 ára. Gildistími er því ákveðinn til 16 ára, skv. almennu viðmiði Umhverfisstofnunar um hámarksgildistíma starfsleyfa.